

Fimmtudaginn 22. september 1994.

Nr. 346/1994.

Hjalti Pálsson

(sjálfur)

gegn

Þrotabúi Miklagarðs hf.

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Samningsaðild. Eftirlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnlaugur Claessen og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili, Hjalti Pálsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júlí 1994. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. sama mánaðar um réttmæti kröfu sóknaraðila til greiðslu úr hinu stefnda búi. Um kæruheimild er vísað til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili gerir þá kröfu aðallega, að krafa sín, að fjárhæð 50.534.767 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa, en til vara, að hún verði viðurkennd sem almenn krafa. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur einnig kært úrskurðinn með kæru 20. júlí 1994. Krefst hann þess aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað, en til vara, að krafa hans í þrotabúið verði einungis viðurkennd sem almenn krafa: 1. að fjárhæð 29.914.000 krónur, 2. að fjárhæð 31.127.000 krónur, 3. að fjárhæð 32.427.000 krónur, 4. að fjárhæð 33.821.000 krónur, 5. að fjárhæð 35.320.000 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Krafa sóknaraðila um greiðslu eftirlauna er gerð með vísan til 3. gr. samnings milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf. frá 25. nóvember 1991 um yfirtöku rekstrar á verslunar sviði, en greinin hljóðar þannig í heild:

„Viðskiptasamningar, viðskiptasambönd og viðskiptavild verslunardeildar Sambandsins ganga til Miklagarðs hf. án sérstakrar greiðslu.

Ráðningarsamningar starfsmanna verslunardeildar og áunnin réttindi yfirfærast til hlutafélagsins. Lífeyrissjóðsiðgjöld greiðast eins og áður til Samvinnulífeyrissjóðsins.

Mikligarður hf. skal annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafa unnið hjá fyrrum innflutningsdeild og verslunardeild Sambandsins. Skal hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið er áfram samningsaðili gagnvart rétt-höfum.“

Aðila greinir ekki á um, að sóknaraðili falli undir 3. mgr. þessa ákvæðis samningsins. Samningurinn verður ekki öðruvísi skilinn en svo, að sóknaraðili eigi kröfu áfram á hendur SÍS eða sjóðum þess, en SÍS hafi svo aftur átt kröfu samkvæmt samningnum um, að hlutafélagið uppfyllti skyldur þess gagnvart sóknaraðila. Samningur SÍS og Miklagarðs hf. var gerður án samráðs við sóknaraðila, og hann aðhafðist ekkert þá eða síðar til að tryggja sér viðurkenningu á aðild að honum, umfram það að taka án athugasemda við eftirlaunagreiðslum úr hendi hlutafélagsins. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann eigi beina kröfu til greiðslu úr þrotabúi Miklagarðs hf. Ber af þessari ástæðu að hafna kröfum hans.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Kröfu sóknaraðila, Hjalta Pálssonar, til greiðslu úr þrotabúi Miklagarðs hf. er hafnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1994.

Mál þetta var upphaflega tekið til úrskurðar 16. maí 1994 að lokinni aðal-meðferð málsins, en var endurupptekið og tekið til úrskurðar að nýju með vísan til 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Sóknaraðili málsins er Hjalti Pálsson, kt. 011122-3969, Ægisíðu 74, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er þrotabúi Miklagarðs hf., kt. 601083-0869.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær aðallega, að við yfirstandandi skipti á þrotabúi Miklagarðs hf. verði krafa sín, að fjárhæð 50.534.767 kr., viður-

kennd sem forgangskrafa í búið. Til vara er þess krafist, að ofan nefnd krafa verði við skipti á þrotabúinu viðurkennd sem almenn krafa í búið. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt mati réttarins ásamt virðisaukaskatti, hvernig sem málið fer. Beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað. Til vara eru gerðar eftirfarandi varakröfur: Fyrsta varakrafa, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 29.914.000 kr. Önnur varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 31.127.000 kr. Þriðja varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 32.427.000 kr. Fjórða varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 33.821.000 kr. Fimmta varakrafa er sú, að krafa sóknaraðila verði einungis viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 35.320.000 kr. Þá er þess krafist, að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila málskostnað samkvæmt mati dómsins eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

I.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 21. nóvember 1981, gerðu sóknaraðili, sem þá var framkvæmdastjóri innflutningsdeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, og Samband íslenskra samvinnufélaga með sér samning um eftirlaun sóknaraðila. Í þeim samningi fólst m. a., að sóknaraðili ætti rétt á fullum eftirlaunum, þegar hann yrði 65 ára. Hámarkseftirlaun skyldu vera 90% af framkvæmdastjórалаunum eftir fimmtán ára starfsaldur, eins og þau væru á hverjum tíma. Sóknaraðili hóf störf hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga 1. janúar 1948 og starfaði þar óslitið til 1. nóvember 1987, er hann varð 65 ára, samtals 39 ár. Hinn 25. nóvember 1991 gerðu Samband íslenskra samvinnufélaga og Mikligarður hf. með sér samning um yfirtöku rekstrar á verslunarsviði. Í 3. grein samningsins, sem ber yfirskriftina Viðskiptasambönd og starfsmannaréttindi, segir að Mikligarður hf. skuli annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafi unnið hjá fyrrum innflutningsdeild og verslunardeild Sambandsins. Skuli hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið sé áfram samningsaðili gagnvart rétthöfum.

Bú Miklagarðs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 15. júní 1993, og lýsti sóknaraðili eftirlaunakröfu sinni í þrotabúið með kröfulýsingu, dagsettri 5. október 1993. Kröfu sóknaraðila í búið var hafnað, og 29. desember 1993 barst Héraðsdómi Reykjavíkur krafa þrotabús Miklagarðs um úrlausn

dómsins um ágreining aðila, dagsett 28. desember 1993, og var ágreiningsmál þetta þingfest 3. febrúar 1994.

II.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því, að með yfirtöku Miklagarðs hf. á rekstri verslunarsviðs Sambands íslenskra samvinnufélaga með samningnum frá 25. nóvember 1991 hafi hlutafélagið og þar með varnaraðili orðið samábyrgur, sólídarískt ábyrgur, ásamt Sambandinu gagnvart sóknaraðila til að greiða honum eftirlaun. Sé sú niðurstaða byggð á því, að skuldbinding og greiðslubyrði fyrrnefnds samnings hafi einnig færst yfir á varnaraðila og þannig hafi í reynd tveir aðilar lofað greiðslu til sóknaraðila. Aðalreglan í slíkum tilvikum sé sú, að greiðsluskuldbinding þeirra sé sólídarísk, sé ekki um annað samið. Segi enda í 3. gr. samningsins, að Sambandið sé áfram samningsaðili gagnvart réttihöfum, en það sé eðlilegur fyrirvari, enda um að ræða upphaflegan samningsaðila. Með samningnum verði hins vegar til nýr ábyrgðaraðili, skuldari, sem sóknaraðili eigi fullan kröfurétt á hendur á grundvelli yfirtökusamningsins.

Sóknaraðili kveður yfirteknar eftirlaunaskuldbindingar ekki hafa verið verðmetnar, en yfirfærðar eignir og skuldir hafi verið að verðmæti um það bil 600 milljónir króna. Auk þess hafi varnaraðili yfirtekið verðmæt viðskiptasambönd, viðskiptasamninga og viðskiptavild, sem líklega séu hundræða milljóna króna virði og að öllum líkindum mun verðmeiri en þær eftirlaunaskuldbindingar, sem félagið hafi yfirtekið. Þá bendir sóknaraðili á, að varnaraðili hafi greitt sóknaraðila eftirlaun samkvæmt samningnum frá 1. janúar 1991 til 15. júní 1993, er bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta, og hafi því sóknaraðili mátt ætla, að svo yrði áfram, og hann hlotið að gera ráð fyrir fullri ábyrgð varnaraðila á þessari greiðsluskuldbindingu. Væri varnaraðili líklegast enn að greiða sóknaraðila eftirlaun, ef bú hans væri ekki undir gjaldþrotaskiptum.

Eftirlaunagreiðslur til sóknaraðila hafi verið gjaldfærðar sem launakostnaður í bókhaldi varnaraðila á árunum 1991–1992, þar til þáverandi framkvæmdastjóri félagsins hafi án heimildar og í trássi við vilja stjórnar þess látið færa þessar greiðslur til skuldar á aðalsjóð Sambandsins, enda hafi framkvæmdastjóri félagsins óskað eftir því, að þessi færsla yrði bakfærð á varnaraðila.

Ljóst sé af framangreindu, að sóknaraðili hefur verið launþegi hjá varnaraðila í skilningi 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, enda hafi eftirlaun hans verið gjaldfærð sem launakostnaður í bókhaldi varnaraðila. Þá hafi eftirlaun sóknaraðila verið greidd til sóknaraðila á mánaðarfresti í tvö og hálf ár með launaseðlum. Verði ekki fallist á, að umræddar greiðslur

verði taldar greiðslur til launþega með lögjöfnun, sé ljóst, að greiðslunum megi jafna til launa, sem falli með lögjöfnun undir 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Orðalagið „fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns“ hafi verið talið fela í sér aðgreiningu á launþegum annars vegar og verktökum hins vegar. Þá sé það skilyrði 112. gr. laganna uppfyllt, að krafan hafi fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag, en krafa sóknaraðila hafi fallið í gjalddaga, þegar bú varnaraðila var úrskurðað gjaldþrota 15. júní 1993.

Sóknaraðili kveður eftirlaunakröfu sóknaraðila að öðru leyti eðlisskylda og samkynja tilnefndu ákvæði 112. gr. ofanefndra laga og eigi því að sæta sömu meðferð. Hér sé um að ræða ólögákveðið tilfelli, og hvorki lög, réttarvenja né fordæmi eigi beint við. Eftirlaun séu í eðli sínu laun, sem sóknaraðili sé búinn að vinna fyrir, og ekki sé að sjá, að 1. tl. 1. mgr. geymi þrönga sérreglu.

Í útreikningi kröfunnar kveður sóknaraðili byggt á niðurstöðu Björns Þórðarsonar tryggingastærðfræðings um eftirlaunaskuldbindinguna og kröfugerðina miðaða við 3% ársávöxtun. Krafan sé reiknuð þannig, að heildarskuldbindingar varnaraðila séu tilteknað miðað við 31. desember 1992, 52.343.000 kr., að fráðregnum brúttóeftirlaunagreiðslum til sóknaraðila frá varnaraðila vegna tímabilsins frá janúar 1993 til og með júní 1993, alls 1.811.754 kr. Mismunurinn, 50.531.246 kr., sé kröfufjárhæðin.

Varakrafa sóknaraðila um, að krafa sín verði metin sem almenn krafa í búið, er reist á 113. gr. laga nr. 21/1991. Hún byggist á því, að varnaraðili hafi verið samábyrgur með Sambandi íslenskra samvinnufélaga um greiðslu allra eftirlaunanna til sóknaraðila með sama ofangreinda rökstuðningi og sé krafan byggð á sömu tölulegu forsendum og aðalkrafan.

Sóknaraðili vísar kröfum sínum til stuðnings til 99. gr., 112. og 113. gr. laga nr. 21/1991 og til almennra reglna kröfu- og samningsréttar um efndir loforða og samninga.

III.

Varnaraðili reisir aðalkröfu sína á tveimur málsástæðum.

Í fyrra lagi er byggt á aðildarskorti sóknaraðila, þar eð ekki hafi stofnast réttarsamband milli sóknaraðila og Miklagarðs hf. með umþrættum samningi milli Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf. frá 25. nóvember 1991. Sá samningur hafi eingöngu tekið til viðskipta milli Sambandsins og Miklagarðs hf., og því geti sóknaraðili ekki átt aðild að kröfu á hendur varnaraðila á grundvelli samningsins. Aðildarskortur leiði til sýknu eða þess, að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Í öðru lagi er á því byggt, að Mikligarður hf. hafi í umboði Sambandsins

tekist á hendur að annast um greiðslur til þeirra aðila, sem unnið höfðu til eftirlaunaréttinda, en Sambandið hafi áfram verið samningsaðili gagnvart rétthöfum og borið fjárhagslega ábyrgð á efndum gagnvart þeim aðilum, sem slík réttindi áttu. Orðalag 3. gr. samnings Miklagarðs hf. og Sambandsins bendi til þessarar niðurstöðu svo og afstaða Guðjóns Eyjólfsssonar, lög-gilts endurskoðanda, í bréfum, meðal annars til þáverandi stjórnarformanns Sambandsins, og áritun á ársreikninga fyrir rekstrarárið 1992. Er á því byggt, að ekki hafi skapast krafa á hendur Miklagarði hf. vegna eftirlaunaréttinda á grundvelli yfirtökusamningsins.

Varakröfu sínar byggir varnaraðili á því, að eftirlaunakrafa sóknaraðila falli ekki undir launahugtak 112. gr. laga nr. 21/1991 og að eftirlaunakröfum sé ekki veittur forgangsréttur með öðrum lagaákvæðum, og því beri að skipta kröfunni sem almennri kröfu í kröfuröð samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Þá er á því byggt, að sóknaraðili hafi aldrei starfað hjá Miklagarði hf. og eftirlaunakrafa hans sé ekki á neinn hátt tengd vinnu í þjónustu hans og tengist á engan hátt starfsemi Miklagarðs hf. Af hálfu varnaraðila er einnig á því byggt, að fjárhæð kröfu varnaraðila sé allt of há og reikni-grundvöllur hennar rangur. Miðað við þá ávöxtunarmöguleika, sem bjóðist, sé 3% ávöxtun of lág, og þegar litið sé til aldurs sóknaraðila, verði að taka mið af eingreiðsluhagræði, auk þess sem taka yrið tillit til mánaðarlegra greiðslna frá Samvinnulífeyrissjóðnum.

Varnaraðili vísar til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings máls-kostnaðarkröfu sinni.

IV.

Ágreiningur er með aðilum máls þessa um það, hvort sóknaraðili eigi kröfu á hendur varnaraðila vegna eftirlauna, og ef svo sé, hvort þrotabúinu beri að greiða kröfuna sem forgangskröfu eða almenna kröfu úr þrotabúinu. Þá er einnig deilt um það, við hvaða hundraðshlutfall eigi að miða ávöxtun varðandi núvirðingu kröfunnar og hvort draga eigi frá kröfunni framlag Samvinnulífeyrissjóðsins.

Eins og áður var lýst, byggist aðalkrafa sóknaraðila á því, að með samningi Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf., dagsettum 25. nóvember 1991, um yfirtöku rekstrar á verslunarsviði hafi hinn síðarnefndi tekið á sig að efna eftirlaunasamning sóknaraðila og hins fyrrnefnda. Varnaraðili krefst hins vegar sýknu vegna aðildarskorts sóknaraðila.

Aðild sóknaraðila að máli þessu byggist á 120. gr., sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991, sem varnaraðili vísaði til, er ágreiningi aðila var vísað til úrlausnar dómsins. Aðild sóknaraðila er til komin á þann hátt, að hann sem kröfuhafi

í þrotabú Miklagarðs hf. vildi ekki una afstöðu skiptastjóra varnaraðila til kröfu sóknaraðila á hendur þrotabúinu, og því var þeim ágreiningi skotið til dómsins. Þótt ekki hafi stofnast réttarsamband milli sóknaraðila og Miklagarðs hf. með þeim hætti, að sóknaraðili undirritaði framangreindan samning, telst það ekki valda aðildarskorti í þessu ágreiningsmáli. Sóknaraðili þáði eftirlaun úr sjóðum Miklagarðs hf. frá því um áramót 1991–1992 athugasemdalaust og mótmælti þessum skuldaraskiptum ekki hér fyrir dóminum. Verður að telja hann hafa gefið samþykki sitt við þessu fyrirkomulagi, þótt hann hafi ekki undirritað samninginn ásamt samningsaðilum.

Í yfirtökusamningi Sambands íslenskra samvinnufélaga og Miklagarðs hf., sem gerður var 25. nóvember 1991, segir í umræddri 3. gr., að hinn síðarnefndi skuli annast um greiðslu eftirlauna til þeirra aðila, sem til slíkra réttinda hafi unnið, og skuli hlutafélagið greiða eftirlaunin úr sínum sjóðum, en Sambandið skuli áfram vera samningsaðili gagnvart rétthöfum. Verður að telja, að með þessu orðalagi hafi Mikligarður hf. tekið á sig þá skuldbindingu að greiða eftirlaun sóknaraðila úr sínum sjóðum, enda ekkert fram komið, sem bendir til annars en sú hafi verið ætlunin með ákvæðinu. Framburður vitnanna Sigurðar Markússonar, fyrrverandi stjórnarformanns Miklagarðs hf., og Geirs Geirssonar, höfundar umþrætts samnings, fyrir dóminum við aðalmeðferð málsins bendir einnig til sömu niðurstöðu. Gegn hinu skýra orðalagi 3. greinar samningsins þykir engu breyta, þótt útgreidd eftirlaun hafi verið skuldfærð á Sambandið í bókhaldi Miklagarðs hf., en ágreiningur var um þá framkvæmd.

Í rekstri málsins komu aðilar málsins sér saman um reikningsaðferðir við útreikning kröfufjárhæðar, og var kröfugerð varnaraðila breytt, hvað snertir varakröfu hans, til samræmis við þær aðferðir. Aðalkrafa sóknaraðila er, að sér verði greiddar 50.534.767 kr., og er þá miðað við 3% ársávöxtun. Varakröfur varnaraðila byggjast á mismunandi ársávöxtun lífeyriskröfu sóknaraðila að frádregnum lífeyrissjóðsgreiðslum.

Við mat á því, við hvaða ársávöxtun á að miða í þessu máli, verður að líta til ýmissa þátta. Í fram lögðum útreikningum Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, sem báðir aðilar máls þessa ákváðu við rekstur málsins, að yrði lagður til grundvallar, er reiknað með 3%, 3,5%, 4%, 4,5% og 5% ársvöxtum, sem byggjast á ólíku mati á því, hvernig raunávöxtunarmöguleikar verða í framtíðinni miðað við ávöxtunarmöguleika undanfarið. Þá verður einnig að taka mið af lífslíkum viðkomandi, en samkvæmt vitnisburði Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings hér fyrir dómi þykir rétt að hafa hliðsjón af lengd þess tíma, sem búast má við, að greiðslur eftir-

launanna standi. Því lengra tímabil sem menn reikni með, því lægri séu vextirnir. Þá benti Bjarni á, að hliðstætt mat hjá lífeyrissjóðunum væri miðað við 3 til 3,5% vexti, ef lífeyrisskuldbindingarnar væru miðaðar við verðlag, en væru þær hins vegar miðaðar við kauplag, væri frekar reiknað með heldur lægri ávöxtun.

Þar eð raunvextir hafa farið lækkanði hér á landi að undanfögnu og með hliðsjón af framangreindu, þykir hæfilegt að miða við 4% ársávöxtun í þessu máli.

Um ágreining aðila um það, hvort draga beri greiðslur frá Samvinnulífeyrissjóðnum frá kröfufjárhæð sóknaraðila, er þess að gæta, að sóknaraðili hefur þegið greiðslur frá þeim sjóði allan tímann, og ekkert, sem bendir til þess, að brestur verði á því. Þykir því verða að fallast á það með varnaraðila, að þessar greiðslur komi til frádráttar.

Um ágreining aðila um stöðu kröfu sóknaraðila í kröfuröð í þrotabúi Miklagarðs hf. er fyrst til þess að líta, að samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 ganga næstar kröfum samkvæmt 109.–111. gr. laganna kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamannsins, sem hafa fallið í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag. Krafa sóknaraðila í máli þessu byggist á því, að hann gerði eftirlaunasamning við Samband íslenskra samvinnufélaga, sem tryggir honum ákveðin lífeyrisréttindi, sem Miklagarður hf. skuldbatt sig til að annast og greiða með margnefndum yfirtökusamningi. Ágreiningslaust er, að sóknaraðili var ekki starfsmaður Miklagarðs hf., enda ekki um það að ræða, að hann innti af hendi vinnuframlag í þágu hlutafélagsins. Í yfirtökusamningnum er einungis fjallað um greiðslu eftirlauna, en ekki annars konar launa, enda var sóknaraðili hættur störfum, er samningurinn var gerður. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila verður því ekki talin njóta forgangs samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Með hliðsjón af framanrituðu er niðurstaða dómsins sú, að fallist er á þriðju varakröfu varnaraðila og krafa sóknaraðila viðurkennd sem almenn krafa í þrotabúi Miklagarðs hf., að fjárhæð 32.427.000 kr.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila, Hjalta Pálssonar, er viðurkennd sem almenn krafa, að fjárhæð 32.427.000 kr., í þrotabúi Miklagarðs hf.

Málskostnaður fellur niður.